

Ed.

753. Framhaldsnefndarálit

[272. mál]

um frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það lítur út eftir 2. umr. í Ed. Þó vill nefndin leggja til þá breytingu að niðurlagsákvæði 3. tölul. 13. gr. frv., um 40. gr. laga nr. 86/1985, verði fellt brott. Í þessu felst ekki að nefndin telji að ríkisviðskiptabankar skuli undanþegnir endurskoðun af hálfu ríkisendurskoðunar heldur telur nefndin nauðsyn bera til að hugað sé að breytingum á ýmsum öðrum ákvæðum nýrra viðskiptabankalaga varðandi skoðunarmenn. Beinir nefndin því til ríkisstjórnarinnar að hún láti fara fram slíka endurskoðun á lögum um viðskiptabanka og leggi fram sérstakt frumvarp um það efni þegar þing kemur saman á hausti komanda.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Jón Kristjánsson.

Ragnar Arnalds.

Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.